

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 247/2023

2024/EES/42/01

frá 13. október 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2070 frá 18. ágúst 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 til að bæta Kamerún og Vítínam á lista yfir áhættusöm þriðju lönd <sup>(1)</sup>.
- IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 23bb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 R 2070**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2070 frá 18. ágúst 2023 (Stjtið. ESB L 239, 28.9.2023, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2070, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Pascal Schafhauser**

formaður

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 239, 28.9. 2023, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.